

L Ö G

um

aðflutningsbann á áfengi.

15

8. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer, samkvæmt 13. gr. laga frá 8. júní 1925, um breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi, nr. 91, 14. nóv. 1917, höfum látið fella breytingarnar inn í texta laganna frá 1917, og gefum þau hjermeð út sem lög um aðflutningsbann á áfengi.

1. gr.

Engan áfengan drykk eða áfengisvökva má flytja til Íslands til annara nota en þeirra, sem getið er um í 2. gr. og farið sje með eftir reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum. En áfengur drykkur eftir lögum þessum telst hver sá vökvi, sem í er meira en 2¼% af vínanda (alkóhóli) að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og í sjer hafa fólgið slíkt áfengi, skal fara með sem áfengan drykk.

Brot samkvæmt þessari grein er fullframið, þegar áfengi er flutt inn í landhelgi í því skyni að koma því, beinlínis eða fyrir milligöngu annara, hjer á land eða til sölu eða neyslu í landhelgi eða í íslenskt skip til sölu eða neyslu. En landhelgi telst 4 sjómílu á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sje talið frá ystu skerjum og hölmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi alt það, sem landsmegin verður innan við beina línu, er dregin sje þar milli nesja sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílu, og 4 sjómílu til hafs frá þeirri línu.

2. gr.

Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis, efnarannsóknarstofu, náttúrugripasafna eða annara slíkra stofnana að flytja frá útlöndum vínanda og annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Einnig er heimilt að flytja til landsins vínanda til eldsneytis, svo og ilmvoðn, hármæðul og þess konar vökva, enda sjeu þau gerð óhæf til drykkjar, svo sem unt er. Lyfsölum skal og heimilt að flytja til landsins vínanda og annað áfengi, sem lyfjaskrá heimilar, svo og smáskamtalyf með vínanda í. Smáskamtalæknum er heimilt að fá í innlendum lyfjabúðum smáskamtalyf með vínanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests. Að lokum skal próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda heimilt að láta flytja frá útlöndum messuvín, er nauðsynlegt sje til altarisgöngu, þótt í því sje meira af vínanda en 2¼% að rúmmáli.

15
8. júní

Jafnskjótt og lög þessi öðlast gildi, skal stjórnarráðið löggilda til lækningar, með viðauka við lyfjaskrá landsins, þessa áfengisvökva: Rauðvín, Malaga, Sherry, Portvín og Cognac.

Sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna um eitt ár í senn, þó ekki yfir 800 lítra á ári hverjum þeirra.

Öðrum en þeim, sem hjer hafa verið taldir, má ekki leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.

3. gr.

Alt áfengi, sem flutt er til landsins frá útlöndum samkvæmt lögum þessum, skal fyrst flytja á land í Reykjavík. Þar skal landsstjórnin skipa sjerstakan umsjónarmann áfengiskaupa, og hefir hann á höndum umsjón og eftirlit með áfengiskaupum, svo sem nánar er fyrirmælt í lögum þessum.

Umsjónarmaður hefir að launum 600 kr. á ári, er greiðist úr landssjóði. Svo fær hann og borgun fyrir húsrúm undir áfengisbirgðir, vinnulaun handa verkamönnum til aðstoðar og burðargjald brjefa. Einnfremur fær hann endurgjald fyrir efni þau, er með þarf til þess að gera áfengi óhæft til drykkjar.

4. gr.

Nú hefir maður heimild til áfengisflutnings frá útlöndum eftir lögum þessum, og vill hann neyta þessarar heimildar sinnar, og skal hann þá í taka tíð segja umsjónarmanni áfengiskaupa til um það, hvers konar áfengi og hve mikið hann vill fá og frá hverju verslunarhúsi, svo og með hverri ferð frá útlöndum. Hann skal og skýra honum frá um leið, til hvers hann ætli að nota áfengið. Svo skal og fylgja beiðninni borgun fyrir flutning til Reykjavíkur og uppskipun þar. Umsjónarmaður sendir þá pöntunina því verslunarhúsi eða þeim vínsölumanni, sem hún er stíluð til, og beiðist þess, að áfengið sje sent til sín. Skal umsjónarmaður, þegar er áfengið kemur til hans frá útlöndum, tryggja sjer með rannsókni, að áfengissendingin sje eigi önnur eða meiri en um var beið. Nú reynist áfengið annað eða meira en um var beið, og skal umsjónarmaður þá endursenda sendanda það tafarlaust, ef annað er en um var beið, eða það sem umfram reynist, enda er skipstjóra, sem flutti, eða útgerðarmanni skips skylt að taka við því án borgunar á farmgjaldi. Að því búnu skal hann, eftir fyrirsögn efnafræðings landsins, sem skyldur er að láta honum aðstoð sína í tje, blanda það áfengi, er til iðnaðarfyrirtækja eða eldsneytis er ætlað, þeim efnum, er gera það óhæft til drykkjar, ef það er unt, án þess það þó missi notagildi sitt til þess, sem það er ætlað. Því næst skal umsjónarmaður merkja áfengið með embættisinnsgli sínu og segja eiganda til. Eiganda skal þá heimilt að vitja þess, en gjalda skal hann þá um leið kostnað þann, er af blöndunni hefir leitt.

Nú líða svo 12 mánuðir frá tilkynningu umsjónarmanns áfengiskaupa

um aðflutning áfengis, að sá hirðir ekki áfengið, er pantað hefir, nje lýsir heldur yfir þeirri ósk, að áfengið sje á hans kostnað endursent seljanda, og er þá áfengið með umbúðum eign landssjóðs. Allan ógreiddan kostnað, er leitt hefir af aðflutningnum, má þá taka lögtaki hjá þeim er áfengið hefir pantað, samkvæmt lögum nr. 29, 16. desember 1885.

Umsjónarmaður ber enga ábyrgð á greiðslu andvirðis fyrir það áfengi, sem aðflutt er.

5. gr.

Ekkert íslenskt skip má flytja nokkurt áfengi til landsins, nema um það áfengi sje að raða, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa.

Stjórnarráðið getur veitt fólksflutningaskipum, sem hafa rúm fyrir 25 farþega eða fleiri og eru í siglingum milli landa, undanþágu frá þessu ákvæði, og gilda þá um þau skip ákvæði þessarar greinar um erlend skip.

Nú kemur erlent skip frá útlöndum, og er þá skipstjóra skylt að tilkynna lögreglustjóra, um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sje í skipinu, og þá hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, er ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsgli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sje skotið undan innsiglan og að innsigli sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið lætur úr síðustu höfn, að innsiglin sjeu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa til næstu hafnar hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum.

Rannsaka skal lögreglustjóri jafnan á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenskt eða erlent, og getur í því skyni opnað hirslur skipverja og farþega og aðra staði á skipinu, eftir því sem þörf þykir.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa.

6. gr.

Nú strandar skip hjer við land og hefir meðferðis áfengi til umsjónarmanns áfengiskaupa eða frá honum, og skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílatin til varðveislu og gæta þess, að ekki sje í þau farið. Hann skýrir þegar í stað lögreglustjóra frá, en lögreglustjóri setur embættisinnsgli sitt fyrir ílátin og kemur þeim til geymslu á óhultum stað. Áfengi þetta má lögreglustjóri ekki selja eða á annan hátt láta af hendi til annara manna, en skýra skal hann með fyrstu ferð rjettum eiganda frá björgun áfengisins. Kjósi hann innan 12 mánaða að það sje sent sjer á sinn kostnað, skal það gert; ella sje það eign landssjóðs.

15
8. júní Sje um skipsforða að ræða, fer um meðferð áfengislaus og tilkynning til skipseiganda svo sem fyrir er mælt í grein þessari hjer að framan, nema það hafi verið gert óháft til drykkjar undir umsjón lögreglustjóra, eða eigandi hafi látið flytja það úr landi innan 12 mánaða.

Nú er ókunnugt um eiganda strandgóss, og skal þá áfengið eign landsjóðs, ef eigandi hefir ekki sagt til sín áður en hinn lögskipaði auglýsinga-frestur er útrunninn.

7. gr.

Enginn má taka við nokkurskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hjer við land, eða í íslenskri landhelgi, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

8. gr.

Engan áfengan drykk má flytja um landið, annan en þann, sem annaðhvort er merktur embættisinnsgli umsjónarmanns áfengiskaupa, svo sem fyrir er mælt í 4. grein laga þessara, eða þá þann drykk, sem um getur í 6. grein og farið er með eftir fyrirmælum þeirra greina, nema læknislyf sje úr lyfjabúð eða frá lækni.

9. gr.

Öllum, sem samkvæmt lögum þessum hafa heimild til innflutnings á áfengi, er óheimilt að veita það, gefa selja eða láta af hendi til annara manna, nema það sje áður gert óháft til drykkjar.

Þó mega lyfsalar og hjeraðslæknar selja mönnum áfenga drykki eftir lyfseðli löggiltra lækna (sbr. þó 18. gr.), en þó aldrei oftar en einu sinni eftir sama lyfseðli. Um sölu lyfja þeirra, sem áfengi er í, setur dómsmálaráðherra, með ráði landlæknis, reglur til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til neyslu, heldur aðeins til lækninga.

10. gr.

Nú verður það uppvíst, að einstakir menn hafa áfengi í vörslum sínum, sem ekki hefir verið sagt til samkvæmt lögum innan 12 vikna eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal þá líta svo á, að þeir hafi gerst brotlegir gegn 1. gr. laga þessara.

Stjórnarráðið sjer um, að í hverri sveit og kaupstað sjeu til eyðublöð um framtal vínbirgða, til þess að birgðirnar verði sundurliðaðar greinilega.

Heimilt er lögreglustjóra að skoða eða láta umboðsmann sinn skoða vínbirgðirnar.

Lögreglustjóri skal, hver í sínu umdæmi, auglýsa ákvæði þessarar greinar á þann hátt, sem gerist um opinberar auglýsingar, í síðasta lagi 8 vikum áður en umgetinn frestur er liðinn.

11. gr.

Nú er maður grunaður um óleyfilegan aðflutning eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis, og má þá gera heimilisrannsókn hjá honum eftir dómsúrskurði, ef það er talið nauðsynlegt til þess að komast fyrir málið.

Komi það í ljós við heimilisrannsóknina, að áfengi sje í vörslum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur til að skýra frá því, hvernig standi á birgðunum. Geri hann það ekki, skal hann teljast sekur um brot gegn 1. gr.

12. gr.

Hvern þann sem hitst hefir ölvaður, er heimilt að leiða fyrir dómara, og er honum skylt að gera grein fyrir því, hvernig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum 50—500 krónum.

13. gr.

Fyrir brot gegn 1. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni 500—5000 krónum.

Öðru sinni 1000—10000 krónum.

Þriðja sinni og oftar 2000—20000 krónum.

Auk þess skal sökunautur sæta fangelsi, eða, ef brot er margítrekað eða miklar sakir eru að öðru leyti, hegningarvinnu alt að 2 árum.

Nú flytur skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, og skal skip þá gert upptækt með dómi til handa ríkissjóði.

Skip skal ávalt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, enda má kyrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

2. Ef áfengi er ekki flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, þá varðar það sektum, frá 100—2000 krónum.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

14. gr.

Nú skýrir skipstjóri lögreglustjóra eða umboðsmanni hans rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, og skal hann þá sekur um 200—2000 krónur, enda liggja ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum laga-fyrirmælum. Skip er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði eins og segir í síðustu málsgrein 1. tölul. 14. gr.

Brot gegn þeim ákvæðum í lögum þessum, er óheimila að veita, gefa, selja eða á annan hátt láta af hendi áfengi til annara manna, varða sektum 200—2000 kr. Ef brot er ítrekað, varðar það sektum frá 500—5000 kr.

15
8. júní

Ef nokkur brýtur oftár ákvæði þessarar greinar, eða gerir sjer sölu eða veitingar áfengra drykkja að atvinnu, þá varðar það, auk sekta samkvæmt 2. málgr., fangelsi, ekki skemra en 1 mánuð, eða hegningarvinnu allt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

Hver, sem aflar sjer áfengis undir því yfirskeyni, að hann þurfi á því að halda í lögleyfðum tilgangi, en notar það til drykkjar, skal sæta sektum frá 50—1000 kr., nema þyngri hegning liggir við að lögum.

Afgreiðslumanni lyfsala eða hjeraðslæknis liggur sama hegning við, ef hann afhendir áfengi án lyfseðils, oftár en einu sinni eftir sama lyfseðli eða lyfseðli læknis, er sviftur hefir verið heimild til að láta áfengislyfseðla af hendi samkvæmt 18. gr., eða eftir lyfseðli, sem ekki er að öllu leyti samkvæmur þeim reglum, er í 2. málgr. 9. gr. segir.

Ef lyfsali sjálfur eða forstöðumaður lyfjabúðar eða hjeraðslæknir brýtur með þeim hætti, sem í næstu málgr. hjer á eftir segir, þá varðar það sektum, 200—5000 krónum. Ef lyfsali eða forstöðumaður lyfjabúðar verður tvisvar sannur að þessum brotum, eða einhverju þeirra, eða ef ofanefndir þjónar hans verða það, sami maður þrisvar sinnum í þjónustu hans, þá getur dómsmálaráðherra svift hann lyfsöluleyfi eða rjetti til að standa fyrir lyfjabúð.

Lyfsali og hjeraðslæknir ábyrgist greiðslu sektar og málskostnaðar, er þjónn hans er dæmdur til að greiða samkvæmt framanskráðu, enda má gera aðför í eignum þeirra til lúkningar sektum.

15. gr.

Brot gegn 5. gr. laga þessara varða sektum, sem brot gegn 1. gr. Áfengi, er íslensk skip flytja til landsins, að fráteknu því áfengi, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa, svo og það áfengi, sem skotið er undan innsiglian á skipum, skal upptækt og er eign landssjóðs.

16. gr.

Brot gegn 8. gr. laga þessara varða 100—1000 kr. sektum, og skal áfengið ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

17. gr.

Nú lætur læknir áfengi af hendi án þess að hann hafi fullvissað sig um þörf beiðanda á því til lækninga, eða læknir brýtur reglur þær, sem settar eru eða settar verða samkvæmt 2. málgr. 9. gr., og skal hann þá sæta sektum, fyrsta skifti 500—5000 krónum, og tvöfaldri sekt, ef brot verður ítrekað, og skal þá auk þess svifta lækninn heimild til að gefa út seðla á áfengi eða láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur. Dómsmálaráðherra getur sett, með ráði landlæknis, nánari reglur um þetta atriði.

18. gr.

15

Sá, sem kemur því til leiðar með förtölum eða fjárframlögum, heitum eða hótunum eða ráðum sínum, að brot á lögum þessum verði framið, enda verði hann ekki talinn aðalmaður í verknadini, eða veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, seti sektum, frá 50—5000 krónum. Ef brot er ítrekað eða ef miklar sakir eru, skal, auk sekta, dæma sökunaut í fangelsi, eða, ef mjög miklar sakir eru, í alt að 1 árs hegningarvinnu.

8. júní

19. gr.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því að eins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fje þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim, enda gangi málskostnaður fyrir.

20. gr.

Með mál útaf brtoum á lögum þessum og reglum, settum samkvæmt 2. málgr. 9. gr., skal fara að hætti almennra lögreglumála.

21. gr.

Sveitarstjórnnum og lögreglustjórum er sjerstaklega skylt að sjá um að lögum þessum sje hlýtt.

22. gr.

Lög þessi skal prenta á íslensku, dönsku, þýsku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda dönskum verslunarfulltrúum í öðrum löndum.

23. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi öll þau lagaákvæði, er koma í bága við þau.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Christiansborgarhöll, 8. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.